

Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um bætta aðstöðu fyrir strætófarþega í Mjódd

Á fundi borgarstjórnar þann 3. janúar 2022 var samþykkt að vísa svohljóðandi tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins til meðferðar forsætisnefndar:

Lagt er til að ráðist verði í umbætur á skiptistöðinni í Mjódd í því skyni að bæta aðstöðu strætisvagnafarþega. Um fjórar milljónir farþega fara árlega um stöðina og er því um að ræða fjölförnustu umferðarmiðstöð landsins. Að lágmarki verði ráðist í eftirfarandi umbætur: 1. Kvöldopnun: Biðstöðin verði opin farþegum á kvöldin á meðan strætisvagnar ganga. 2. Gæsla í biðsalnum verði aukin og salernisprífum komið í lag. 3. Sætum í biðsal verði fjölgað og þau löguð, sem fyrir eru. Biðsalurinn verði gerður hlýlegri, t.d. með uppsetningu listaverka.

Það tilkynnist hér með.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins harma að svo sjálfsagðri tillögu skuli enn einu sinni vera vísað til skoðunar í rangölum borgarkerfisins. Rekja má upphaf málsins til janúar 2016 þegar borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu til að skiptistöðin í Mjódd yrði opin farþegum öll kvöld á meðan strætisvagnar ganga. Tillagan var felld í júní 2017 af þáverandi vinstri meirihluta. Í október 2022 tóku borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins málið upp og lögðu á ný til úrbætur á skiptistöðinni í Mjódd í því skyni að bæta aðstöðu strætisvagnafarþega. Tillagan var kynnt ítarlega fyrir borgarfulltrúum á borgarstjórnarfundi 15. nóvember og sýndar myndir, sem sýndu svo ekki var um villst að brýn þörf er á að ráðast í kvöldopnun skiptistöðvarinnar, bæta húsbúnað, auka eftirlit og koma salernisprífum í lag. Vonir stóðu til að ráðist yrði í sáraeinfaldar úrbætur, eins og t.d. kvöldopnun skiptistöðvarinnar, áður en köldustu mánuðir vetrarins gengju í garð. Þær vonir hafa ekki ræst og tillagan hrakhraufast nú um borgarkerfið eins og fyrr án sýnilegrar niðurstöðu.

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar lögðu fram svohljóðandi bókun:

Borgin tók við rekstri biðstöðvar í Mjódd árið 2015, en þá stóð til að bjóða rýmið fyrir rekstur sem færi saman með biðstöð, svosem mathallar, eins og gefist hefur vel á Hlemmi. Því miður gekk ekki þá að finna samstarfsaðila um slíkan rekstur og hefur borgin verið með samning við þjónustuaðila um rýmið síðan. Ljóst er að það fyrirkomulag hefur ekki gengið vel og tími til kominn að skoða málið aftur. Mögulega má gera aðra atlögu að því að finna rekstraraðila, en ef ekki þarf að endurskoða með hvaða hætti þessi mikilvæga samgöngumiðstöð er rekin. Málinu er vísað til borgarráðs þar sem það verður rætt nánar og ákvörðun tekin um næstu skref.



Borgarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins tekur undir ábendingar sem tengjast strætó í Mjódd en þær fjalla um aðgengi að strætósamgöngum almennt séð í Mjódd. Þörf er á umbótum. Bókað hefur verið í íbúaráði um aðgengi frá aðalbyggingu í strætó í hjólastól. Taka þarf niður kant við húsið sjálft, eyjuna þar sem strætó stoppar beggja megin við og líka eyjarnar tvær sem tengjast göngustíg og gangbraut upp í Álfabakka. Margt er hægt að segja um aðstæður biðsalar strætó í Mjódd. Árið 2019 lagði Flokkur fólksins fram tillögu um að biðsalurinn í Mjódd verði opinn lengur en til klukkan 18 á kvöldin eða eins lengi og vagnar Strætó ganga. Í salnum þarf að vera viðunandi aðstaða, næg sæti og aðgengileg salernisaðstaða. Nefnt hefur verið að þarna þyrfti að vera læst hjólageymsla. Það myndi nýtast t.d. farþegum sem koma lengra að, þ.m.t. frá nágrennasveitarfélögum. Umbætur á þessum stað eru liður í að gera almenningsamgöngur að fýsilegri kosti. Sannarlega má skoða aukna gæslu og auka hreinsun salerna. Varla kostar mikið að fjölga sætum og gera salinn hlýlegri.

Virðingarfyllst,
Helga Björk Laxdal
e.u.